# Jarðhitaathuganir að  Reykhúsum og Kristnesi, Eyjafirði

1956

27. júlí 1956

Hr. ráðsmaður Eiríkur Brynjólfsson,
Kristneshæli,
<u>Eyjafirði</u>.

Dagana 9-12 júní s.l. voru enn gerðar athuganir á jarðhitanum í Reykhúsa- og Kristneslandi. Voru þær gerðar einkum til þess að kanna möguleika á aukningu heita vatnsins fyrir Kristneshæli, en einnig möguleika á því að staðsetja hugsanlegar borholur þannig að ekki þyrfti að dæla vatninu í hælið. Við þessar athuganir voru gerðar jarðviðnámsmælingar í Reykhúsatúninu vestan Reykhúsalauga og vestan afleggjarans að Kristneshæli.

Mælingarnar sýndu töluverða útbreiðslu jarðhita í Reykhúsatúninu í suðvesturátt frá Reykhúsalaug, í stefnu á Reykhús. Við íbúðarhúsið að Reykhúsum kom fram viðnámslægð, sem að líkindum orsakast af jarðhita og gefur bendingu um hugsanlegan borstað 10-15 metra austur af norðausturhorni íbúðarhússins. Jarðhitinn virðist ná vestur fyrir afleggjarann í suðvesturátt, en vera minni og minna útbreiddur þar.

Af þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er jarðborunardeildin þó enn þeirrar skoðunar, sem fram kemur í skýrslum hennar frá 12. apríl 1949 og 1. september 1950, að ekki sé réttlætanlegt að ráðast í frekari boranir eða jarðeðlisfræðilegar athuganir við Kristneshæli, nema brýn nauðsyn sé til að auka heita vatnið, eða breyting hafi orðið á bortækni.

Athuganir, sem gerðar voru við Hranastaði 12. júní s.l., urðu neikvæðar. Volgt vatn seitlar þar úr blágrýtisgangi í lækjarfarvegi. Viðnámsmælingar, sem gerðar voru á staðnum

bentu til að ekki væri um neinn verulegan jarðhita
þar að ræða.

Virðingarfyllst,

Þ.Th./ii

BORHOLUSNIÐ VIÐ REYKHÚS

(Tekið úr dagbókum bormanna)

4-7-'56




SIS 523 A 3
1×1 mm
ESSELTE
4447
Copyright Sveriges Standardiseringskommission

REYKHUS - EYJAFIRÐI

DÝPTARPRÓFÍLAR No 1 & 4



REYKHÚS - EYJAFIRÐI

DÝPTARPRÓFILL No 2

3-7-'56



REYKHÚS - EYJAFIRÐI

DÝPTARPRÓFILL No 3



REYKHÚS Í EYJAFIRÐI

DÝPTARPRÓFÍLL No 5



HRANASTAÐIR Í EYJAFIRÐI

DÝPTARPRÓFÍLAR

10-6-'56




Prófíll #1 er tekinn ca 300 m austur af Hranastöðum heimstr. á gang.

Prófíll #2 er tekinn á sama stað eftir miðlínu gangs.




RAFORKUMÁLASTJÓRI

REYKHÚS – EYJAFIRÐI

Viðnámsmælingar.

Mælt í júní '56, Þ.T.

Mkv. 1:1000

10/7 '56. IG.

Tnr. 6

J-Kristnes

Fnr. 3422




RAFORKUMÁLASTJÓRI

REYKHÚS - EYJAFIRÐI
Afstöðumynd.

Mkv. 1:1000

10/7'56. PT/IG.
Tnr. 7
J-Kristnes

Fnr. 3423